

um tillögu til þingsályktunar um þegnskylduvinnu.

Frá meiri hlutanum.

Vjer munum eigi deila um menn við höfund þgskj. 517, hvorki um viðsýni þeirra, nje aðrar eigindir. Þótt vafalaust mætti segja sögu þessa máls betur, en hann gerir, þá látum vjer oss hana litlu skifta. Þó verður að leiðrjetta þann misskilning, að þegnskylda sje ný hugsjón.

Hitt er á að líta, hvort þegnskylduvinna muni hafa þá kosti, er hann segir. Til glegggra yfirlits skulu hjer talin og tind þau atriði, sem höf. telur þessu máli til gildis, og jafnframt sýnt, að barnsleg oftrú villir honum sýn og vekur honum staðlausar vonir.

1. *Hlýðni og stundvísí.* Væri það satt að Íslendingar væri óhlýðnir, þá yrði það sannarlega illur skóli, að hruga saman fjölda ungra manna úr öllum stjettum og stöðum. Þeir yrðu að vera meira en nafnið tómt, þessir verkstjórar, ef þeir ætti að megna að kenna þeim hóp hlýðni og stundvísí, enda mundi afleiðingin að öllum jafnaði verða öfug við von höf.
2. *Hátþrýði og þrifnaður.* Hugsum oss að nokkur hundruð ungir menn og konur sje saman komin til þess að gera járnbraut. Þessi lýður verður auðvitað að liggja við í tjöldum, enda var það í fyrstu talið þegnskylduvinnunni til gildis, að embættismanna og bændasynir yrðu kasaðir saman í tjöldum. Og nú ætlar minni hlutinn að kenna þarna hátþrýði og þrifnað.
Vjer munum eigi þrátta um þetta, því að flestum mun ljóst, að hjer er um öfugmæli að ræða. Með þessum hætti yrði mönnum eigi kent þetta, nema þar væri að verki þaulmentaðir afburðamenn. Mundu þeir menn vandfundnir, og ef þeir myndist mundi mentun þeirra kosta margfalt meira en Alþingi er vant að láta af hendi rakna til þeirra hluta.
3. Verklagni telur minni hlutinn erfiðast að kenna, og fer það að vonum, því að hún er hið eina, sem mætti kenna að einhverju leyti.
4. Þá er sú ein von minni hlutans, að hann geti sparað landssjóði mikið fje með þessari þegnskylduvinnu og sjeð um að eigi þurfi að leggja skatta á þjóðina til þess að gera hafnir, brýr, vegi og járnbrautir. Þótt svo vel væri að þessi þegnskyldulýður yrði notaður til þessara starfa, þá væri þó með því lagður tvöfaldur skattur á þjóðina:
 - a. Vinumissir á heimilum og kaupmissir einstaklinga. Yrði sá skattur einn miklu þyngri en allir núverandi skattar og tollar samtals.
 - b. Óbeinn skattur yrði það, að viðvaningar ætti að framkvæma þessi verk og eyddist því hálfu meiri vinnukraftur en nauðsyn ber til.

5. Fyrirætlanir minni hlutans, að sá löstum og uppskera dygðir, eru fallegar.
En hver trúir á barnaskapinn?
Þrátt fyrir góðan vilja flutningsmanna teljum vjer þetta mál alt svo vanhugsað og óframkvæmandi, að vjer ráðum deildinni til að fella tillöguna.

Alþingi 29. ágúst 1915.

Bjarni Jónsson frá Vogu,
framsögumaður.

Þorleifur Jónsson.

Jóhann Eyjólfsson.